



29. nóvember 2016.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Bygging nýs skóla í Skarðshlíð

Minnisblað þetta fylgir í kjölfar þess að seinni starfshópur um skóla í Skarðshlíð hefur lokið störfum og verkefni hans er komin til fræðslu- og frístundaþjónustunnar og fræðsluráðs. Hér eru kynnt nokkur sjónarmið um áherslur í verkefnunum nú á næstunni.

1. Slit á starfshópi

Tveir starfshópar hafa verið starfandi um skólamál á Völlum. Sá síðari hefur nýlokið störfum og verkefni hans eru komin til fræðslu- og frístundaþjónustunnar. Í því felst fyrst og fremst að undirbúa byggingu nýs skóla í Skarðshlíð, sem verður sambyggður leikskóli (væntanlega 6 deilda), grunnskóli, væntanlega tveggja hliðstæðu skóli með um 400-500 nemendur í fullbyggðum skóla, íþróttahúsi og tómstundaaðstöðu. Tónlistarkennsluaðstaða út frá aðalnámskrá tónlistarskóla verður væntanlega útibú frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Mörg verkefni eru framundan en mest aðkallandi er þó bygging nýs skólahúsnæði og opnun á nýjum grunnskóla haustið 2017 gerast í bráðabirgðahúsnæði í safnaðarheimili við Kirkjuvelli.

2. Skólastjóraauglýsing fyrir grunnskóla

Auglýsing um skólastjórastöðu við grunnskólann í Skarðshlíð fer í fjölmiðla nú um mánaðarmótin. Gert er ráð fyrir að hann komi til starfa frá 1. apríl 2017 en geti hafið störf að hluta til fyrr við undirbúning og hönnun húsnæðis.

3. Gerð húsrýmislykils

Húsrýmislykill er almenn lýsing á nauðsynlegri aðstöðu húsnæðis, í þessu tilviki leik- og grunnskóla í Skarðshlíð ásamt sérstakri tómstundaaðstöðu, íþróttahúsi og tónlistarkennsluaðstöðu (umfram tónlistarstofu í grunnskólahúsnæði). Við hönnun hvers nýs skóla er nýttur húsrýmislykill sem til er hjá bænum. Þar er hvert rými yfirfarið og útfært fyrir nýjan/væntanlegan skóla. Húsrýmislykill er forsenda þess að hægt sé að fara í útboð á byggingu skóla.

Innan fræðslu- og frístundaþjónustunnar er hafin vinna undir forystu sviðsstjóra við að gera húsrýmislykil fyrir væntanlega skólabyggingu og er stefnt að því að hann verði tilbúinn í desember 2016. Með í þessari vinnu er stjórnendateymi innan skrifstofunnar, þ.e. auk sviðsstjóra þróunarfulltrúarnir, deildarstjóri ráðgjafar og íþrótt- og tómstundafulltrúi. Þegar hafa verið haldnir samráðsfundir um gerð húsrýmislykilsins þar sem teymið hitti hagsmunaaðila innan bæjarkerfisins með það að markmiði að leita sjónarmiða í endurnýjun húsrýmislykils út frá breyttum aðstæðum og hugmyndafræði nýs skóla. Sömu leiðis hefur stjórnendateymið farið í heimsóknir í önnur

sveitarfélög til að skoða nýjustu byggingar þar og sjónarmið um heppilega hagnýtingu skólahúsnæðis. Það þykir ágætlega heppilegt að stjórnendateymið innan skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar haldi utan um gerð húsrýmislykilins fyrir skólann í Skarðshlíð.


4. Undirbúningur alútboðs

Undirbúningur alútboðs, sem lagt var til af síðasta starfshópi er í höndum umhverfis- og skipulagsþjónustu undir verkstjórn sviðsstjóra þess sviðs.

5. Mat á hönnun/tilboðum

Þegar alútboð liggur fyrir þarf að fara fram val á hönnunar- og byggingaraðila. Eðlilegt er að um það val taki til starfa sérstakur starfshópur sem að hluta til sé skipaður fólki frá fræðslu- og frístundaþjónustunni, t.d. sviðsstjóri, væntanlegur grunnskólastjóri og jafnvel fleiri aðilar eftir atvikum.

Virðingarfyllt,



Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri